



LEIÐBEININGAR

AMS - 112 P GASSKYNJARAR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR: Skynjarinn skal tengdur við 220V/50Hz. Tvær gerðir. Annars vegar skynjari áfastur EUR tengli fyrir allar venjulega innstungur eða skynjari með 1,2 m. langri snúru og EUR tengli.

STAÐSETNING: Skynjarinn skal staðsettur u.þ.b. 20sm. frá gólfi, eins nálægt gastækinu og hægt er. Til frekari skýringar: Gas er þyngra en loft og fellur þess vegna niður. Það dreifir sér líkt og vatn og leitar að lægsta punkti.

UPPSETNING: Sá skynjari sem er með áföstum EUR tengli fer beint í innstungu sem ekki er hærra frá gólfi en 20 sm. Ef því er ekki komið við leggið þá sérstaka raflögn fyrir skynjarann. Skynjaranum með snúrunni er komið fyrir ekki hærra en 20 sm. frá gólfi og síðan tengdur innstungu.

TENGING: Aðeins 220V/50 Hz. Tvö ljós eru á skynjaranum grænt og rautt. Grænt ljós logar við skynjun en rautt við viðvörun.

UPPHITUNARTÍMI: Ef skynjarinn er tekinn úr sambandi og síðan settur aftur í samband þarf hann smá upphitunartíma sem getur verið 7 til 8 mínútur. Á meðan á því stendur heyrir yl í skynjaranum sem hljóðnar þegar hann er tilbúinn og er þá virkur. Sýnir þá grænt ljós.

PRÓFUN: Græna ljósið sýnir að skynjarinn er í sambandi við rafmagn. Til að prófa hann enn frekar, notið þá gaskveikjara sem þið kveikið á, án logans, nálægt skynjaranum. Þá heyrir aðvörunarhljóð sem deyr út um leið og lokað er fyrir gasstreymið frá kveikjaranum.

UMHIRÐA: Takið skynjara úr sambandi. Þurrkið rykið af skynjaranum með afþurrkunarklút eða rökum kút. Ef mikið ryk hefur safnast fyrir blásið því út eða ryksugið burt í gegn um ristarnar. Aldrei má hella vatni á skynjarann því þá skemmist hann. Opnið alls ekki skynjarann.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR: Þar sem skynjarinn er mjög næmur getur hann gefið ótímabæra viðvörun því hann svarar einnig öðrum lofttegundum eins og t.d. hárlakks og slíkra úðunarefna, jafnvel miklum tóbaksreyk. **Ef óbrennt gas safnast saman fer viðvörun af stað. Opnið alla glugga og hurðir strax. Forðist neista og kveikið ekki á neinu rafmagnstæki né rofa. Slökkvið strax á gastækjum s.s. gasofni, eldavél, ísskáp, ljósum og kæfið opinn eld. Gangið úr skugga um að allir yfirgefi húsið strax. Reynið að komast að ástæðum viðvörunarinnar og reynið að komast fyrir orsökina. Setjið tækið sem þessu olli strax í viðgerð.**

STRAUMNOTKUN/HITAMÖRK:

Um 4W við 220V/50Hz. Hitamörk: -20°C til 41°C.